


✉ Re: Snjóflóðavarnir á Flateyri

Búið til	24.6.2021 11:59:06
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	24.6.2021 11:59:05
Tilheyrir	 202106-0032 - Snjóflóðavarnir á Flateyri

Efni

Re: Snjóflóðavarnir á Flateyri

Upplýsingar

Sent	24.6.2021 11:59:05	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	Tinna.Jonsdottir@skipulag.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202106-0032 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá SKÍpulagsstofnun dags. 16. júní 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort áætluð framkvæmd snjóflóðavarna á Flateyri skuli vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með matsskyldufyrirspurninni og telur framkvæmdina ekki þurfa að vera háð mati á umhverfisáhrifum. Um framkvæmd á þegar röskuðu svæði er að ræða hvað varðar jarðminjar og landslag og gróðurfar og annað lífríki sem verður fyrir áhrifum af framkvæmdinni hefur lágt verndargildi og/eða er algengt á svæðinu. Að mati Náttúrufræðistofnunar er nægjanlega gert grein fyrir helstu umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur ekki frekari athugasemdir um framkvæmdina.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Tinna Jónsdóttir - SLS" <Tinna.Jonsdottir@skipulag.is>
To: "Ísafjarðarbær" <postur@isafjordur.is>; "Anton Helgason" <antonh@snerpa.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Veðurstofa Íslands" <skrifstofa@vedur.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>
CC:
Subject: Snjóflóðavarnir á Flateyri
Date: 16.6.2021 16:12:54

Góðan dag,

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Meðfylgjandi er tilkynning um fyrirhugaða framkvæmd.

Skipulagsstofnun vekur athygli á því að **gögn málsins eru einvörðungu send út rafrænt**, að umsagnarbeiðninni undanskilinni.

Umsagnarfrestur er til 5. júlí 2021 og óskast umsögnin einnig send á tölvupóstföngin skipulag@skipulag.is (<mailto:skipulag@skipulag.is>) og tinna.jonsdottir@skipulag.is (<mailto:tinna.jonsdottir@skipulag.is>)

Með kveðju, / Kind regards,

Tinna Jónsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Tinna.Jonsdottir@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.png (5 KB)